

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100042

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um sjöundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 15. júní 2009 er tilgreint að skilmálar fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. (áður Nýi Glitnir banki hf.) skuli liggja fyrir af hálfu aðila eigi síðar en þann 17. júlí 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá skilanefnd Glitnis banka hf. og fjármálaráðuneytinu, dags. 17. júlí 2009, kemur fram að samkomulag hafi náðst um skilmála uppgjors vegna ráðstöfunar eigna og skulda á milli Glitnis banka hf. og Íslandsbanka hf. og tímaáætlun um fjármögnun Íslandsbanka hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að eftirfarandi málsliður skuli bætast við 12. tl. ákvörðunar eftirlitsins þann 14. október 2008, sbr. ákvörðun þann 15. júní 2009.


ÁKVÖRÐUN:

Fjármálagerning um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. skal gefa út af hálfu aðila eigi síðar en þann 14. ágúst 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

18. júlí 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri